

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 116/98
frá 18. desember 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/98 frá 4. júlí 1998⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/523/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift að almennum tengikröfum vegna endabúnaðar fyrir aukin þráðlaus stafræn fjarskipti (DECT) (2. útgáfa)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/524/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift að símaþjónustukröfum vegna aukinna stafrænna þráðlausra fjarskipta (DECT) (2. útgáfa)⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/525/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum vegna endabúnaðar fyrir aukin stafræn þráðlaus fjarskipti (DECT) með almennu aðgangssniði (GAP)⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/523/EB fellir úr gildi frá 10. janúar 1998 ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/471/EB um sameiginlega tækniforskrift að almennum tengikröfum sem eru gerðar til stafrænna þráðlausra fjarskipta í Evrópu (DECT) sem er hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 100, 15.4.1999, bls. 50 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 16, 15.4.1999, bls. 96.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 215, 7.8.1997, bls. 48.

⁽³⁾ Stjtíð. EB L 215, 7.8.1997, bls. 50.

⁽⁴⁾ Stjtíð. EB L 215, 7.8.1997, bls. 52.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/524/EB fellir úr gildi frá 10. janúar 1998 ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/472/EB um sameiginlega tækniforskrift að talsímakröfum sem eru gerðar til notendabúnaðar fyrir stafræn þráðlaus fjarskipti í Evrópu (DECT) sem er hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/525/EB fellir úr gildi frá 10. janúar 1998 ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/525/EB sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum fyrir endabúnað fyrir evrópsk stafræn þráðlaus fjarskipti (DECT), almennan aðgang (PAP) sem er hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 4za (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/522/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „4zb. **397 D 0523:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/523/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift að almennum tengikröfum vegna endabúnaðar fyrir aukin þráðlaus stafræn fjarskipti (DECT) (2. útgáfa) (Stjtíð. EB L 215, 7.8.1997, bls. 48).
- 4zc. **397 D 0524:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/524/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift að símaþjónustukröfum vegna aukinna stafrænna þráðlausra fjarskipta (DECT) (2. útgáfa) (Stjtíð. EB L 215, 7.8.1997, bls. 50), eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 160, 4.6.1998, bls. 47.
- 4zd. **397 D 0525:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/525/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum vegna endabúnaðar fyrir aukin stafræn þráðlaus fjarskipti (DECT) með almennu aðgangssniði (GAP) (Stjtíð. EB L 215, 7.8.1997, bls. 52), eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 160, 4.6.1998, bls. 47.“

2. gr.

Texti liðar 4d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/471/EB), liðar 4e (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/472/EB) og liðar 4k (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/525/EB) í XVIII. kafla í II. viðauka við samninginn falli niður.

3. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 97/523/EB, 97/524/EB og 97/525/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 19. desember 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 18. desember 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner